



## Ferill kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið saman upplýsingar um feril þeirra kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008. Þessum málum er nú öllum lokið hjá lögreglu eða ríkissaksóknara sem fer með ákærvald í þessum brotum. Skoðaður var allur ferill þessara mála og alvarlegustu málalok í hverju atviki talin. Þá er litið svo á að mál hafi farið fyrir dóm ef til dæmis mál annars tveggja sem grunaðir voru um sama brot fór fyrir dóm þótt málið gegn hinum hafi verið fellt niður.

Hafa ber í huga að brotin áttu sér ekki endilega stað árið 2008 þótt þau hafi verið tilkynnt til lögreglu það ár. Vinnsla þeirra gat auk þess átt sér stað síðar þannig að sum málanna komu til ákvörðunar ríkissaksóknara árið 2009. Af þeim sökum ber fjöldatölum hér ekki saman við birtar upplýsingar ríkissaksóknara.


Árið 2008 voru 368 kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu, þar af 68 nauðganir (1. mgr. 194. gr. alm. hgl. 19/1940) og 33 misneytingar (2. mgr. 194. gr. alm. hgl.). Flest þessara tilvika áttu sér stað árið 2008, eða 260 brot af 368 (71%), en 49 brot (13%) áttu sér stað árið 2007 og 59 brot (16%) á árunum 1971 til 2006.

Eins og sjá má á töflu 1 og mynd 1 hætti lögregla rannsókn eða vísaði máli frá í 63 prósentum tilvika um nauðgun. Fjórðungur þessara brota var felldur niður hjá ríkissaksóknara en í 12 prósentum brotanna féll dómur. Hærra hlutfall misneytingarmála fer áfram til ríkissaksóknara en nauðgunarmála, eða 72 prósent á móti 37 prósentum. Í 42 prósentum tilvika um misneytingu var málið fellt niður hjá ríkissaksóknara en í 30 prósentum þessara mála féll dómur.

Í öðrum kynferðisbrotum en nauðgunum og misneytingum var rannsókn hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu í 35 prósentum tilvika og fellt niður hjá ríkissaksóknara í 23 prósentum tilvika. Dómur féll í 41 prósentum tilvika, sem er hærra hlutfall en í nauðgunar- og misneytingarmálum. Ef litið er til allra kynferðisbrota má sjá að í 39 prósentum tilvika var rannsókn hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu en í 35 prósentum féll dómur.

**Tafla 1.** Ferill kynferðisbrota hjá lögreglu og ríkissaksóknara sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008.

	Nauðgun		Misneyting		Annað		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Rannsókn hætt eða vísað frá hjá lögreglu	43	63	9	27	93	35	145	39
Fellt niður hjá ríkissaksóknara	16	24	14	42	62	23	92	25
Skilorðsbundin frestun ákæru	1	1	0	0	3	1	4	1
Dómur	8	12	10	30	109	41	127	35
<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>100</b>	<b>33</b>	<b>100</b>	<b>267</b>	<b>100</b>	<b>368</b>	<b>100</b>



**Mynd 1.** Hlutfall kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008 eftir lokaferli.

**Tafla 2.** Ástæða þess að rannsókn er hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu í kynferðisbrotum sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008.

	Nauðgun		Misneyting		Annað		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ekki grundvöllur til áframhaldandi rannsókna:								
- vegna þess að sönnunargögn þykja ekki nægjanleg	8	19	6	67	62	67	76	52
- vegna þess að máli er ekki fylgt eftir af brotþola/kæra dregin til baka	17	40	2	22	12	13	31	21
- vegna þess að ætlaður gerandi er ekki þekktur	13	30	1	11	11	12	25	17
Fyrnt	0	0	0	0	6	6	6	4
Röng skráning máls	2	5	0	0	1	1	3	2
Rangar sakargiftir	3	7	0	0	0	0	3	2
Ósakhæfur	0	0	0	0	1	1	1	1
<b>Samtals</b>	<b>43</b>	<b>100</b>	<b>9</b>	<b>100</b>	<b>93</b>	<b>100</b>	<b>145</b>	<b>100</b>


Í flestum nauðgunarmálum, eða 40 prósentum þeirra, er ástæða þess að lögregla hættir rannsókn eða vísar máli frá sú að máli er ekki fylgt eftir af brotþola eða brotþoli dregur kæru til baka. Þegar brotþoli ákveður að fylgja máli ekki eftir vill hann yfirleitt ekki gefa skýrslu, bera vitni eða taka þátt í rannsókn málsins. Þó svo að lögregla og ákærvald hafi heimild til að halda rannsókn áfram, óháð því hvort mál er kært eða ekki, eru sannanir í þessum tilvikum oftast það takmarkaðar að ekki eru taldar líkur á því að það skili nokkru þótt rannsókn málsins sé haldið áfram. Í 30 prósentum málanna var ætlaður gerandi<sup>1</sup> ekki þekktur, þ.e. ekki fengust nægar upplýsingar til að lögreglu tækist að hafa uppi á honum. Í um fimmtungi mála voru sönnunargögn ekki nægjanleg svo að lögregla teldi sig geta vísað því til ákvörðunar ríkissaksóknara. Í þeim málum metur lögregla það svo að ekki séu nægilegar

<sup>1</sup> Með ætluðum geranda er átt við grunaðan einstakling.

sannanir til þess að þær leiði til sakfellingar. Í fimm prósentum brota var um ranga skráningu að ræða og rangar sakargiftir í sjö prósent málanna.<sup>2</sup>

Í tilvikum þar sem um misneytingu var að ræða, þar sem rannsókn var hætt, voru sönnunargögn oftast ekki nægjanleg, eða í 67 prósentum tilvika. Í 22 prósentum tilvika var máli ekki fylgt eftir af brotþola eða kæra dregin til baka og lögregla mat það svo að ekki væri hægt að halda rannsókn áfram. Því til viðbótar var ætlaður gerandi ekki þekktur í 11 prósentum tilvika.

Í öðrum kynferðisbrotum var rannsókn hætt í 67 prósentum tilvika vegna skorts á sönnunargögnum, í 13 prósentum tilvika fylgdi brotþoli máli ekki eftir eða dró kæru til baka og í 12 prósentum tilvika var ætlaður gerandi ekki þekktur. Í sex prósentum tilvika voru sakir fyrndar.



**Mynd 2.** Hlutfall kynferðisbrota sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2008, greint eftir ástæðum þess að rannsókn máls var hætt hjá lögreglu eða því vísað frá.

Tekið saman 24. janúar 2011 af Guðbjörgu S. Bergsdóttur, stjórnslusviði ríkislögreglustjóra, og Rannveigu Þórisdóttur, Upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

<sup>2</sup> Rannsakendur settu mál aðeins undir „rangar sakargiftir“ ef augljóst þótti af vitnum, og jafnvel þólandi viðurkenndi, að ekki var um brot að ræða.